

Fundargerð

232. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 22. nóvember 2017 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Karl Lauritzson, Sigríður Sigmundsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Skúli Björnsson, og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

Dagskrá:

1. Væntanlegur kynningafundur um hreinsivirki og lagnaleiðir
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
3. Önnur mál

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. Væntanlegur kynningafundur um hreinsivirki og lagnaleiðir

Framkvæmdastjóri fór yfir væntanlegan kynningafund um hreinsivirki og lagnaleiðir. Fundurinn verður haldinn 29. nóvember n.k. kl. 16.00 á Hótel Héraði. Á fundinn yrðu boðaðir aðal- og varamenn HEF ehf, bæjarfulltrúar, formaður umhverfis- og framkvæmdanefndar, formaður náttúruverndarnefndar, skipulags- og byggingafulltrúi, heilbrigðisfulltrúi og bæjarstjóra. Stefnt er á að Reynir Sævarsson verkefnastjóri fráveitumála hjá Eflu verkfræðistofu verði með kynningu á þeim gögnum sem fram eru lögð fyrir þennan fund.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

- a) Fundur um fráveitumál haldinn á Grand Hótel 20. nóvember sem átti að vera sendur út á netinu en það komst aldrei hljóð á fundinn.
- b) Iðavellir - gróf samantekt upplýsinga er varða það svæði sem tengd er við neysluvatnsbrunn í landi Stekkhólma, þ.e.a.s. Iðavellir, Stekkhómi, Hvammur og Hvammur 2. Framkvæmdastjóri mun út frá fyrirbyggjandi upplýsingum setja upp tengigjalda og rekstraráætlun. Málið er að öðru leiti í hönnunarferli.
- c) Hreinsun frárennslis á Eiðum, lögð fram skemamynd af framkvæmdunum sem búið er að ljúka með tveggja þrepa hreinsun.
- d) Urriðavatnsbæirnir eru nú tengdir við nýju lögnina.



- e) Búið að tengja heitt og kalt vatn í Leyningi.
- f) Búið að tengja heitt og kalt vatn í Álfaás.
- g) Verið að vinna í gólfum á stöðvarhúsinu, dæluhúsum og nýja lagerhúsinu.
- h) Álestri er að ljúka í hitaveitunni.
- i) Framkvæmdastjóri afhenti stjórnarmönnum ritið Innviðir á Íslandi - Ástand og framtíðarhorfur.
- j) Lagnaleiðir og lóð fyrir hreinsivirki á Egilsstaðanesi (Gunnar Jónsson vék af fundinum undir þessum lið). Framkvæmdastjóri fór yfir fyrstu viðræður við landeigendur. Stjórn óskar eftir að varaformaður verði með í komandi samningaviðræðum.
- k) Framkvæmdastjóri sagði frá fundi sem hann og bæjarstjóri fóru á með forráðamönnum Seyðisfjarðarkaupstað er varðar húshitunarmál þeirra.

3. Önnur mál

- a) Sigríður spurði um innviðagreininguna sem unnin er af Austurbrú.
- b) Spurt út í frétt á RÚV í tíufréttum sjónvarps, þann 21.11.2017, um að engin skólphreinsun fari fram á Egilsstöðum. Stjórn harmar svona frétt aflutning og felur framkvæmdastjóra að koma réttum upplýsingum á framfæri.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 14:10

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson